

Alþingi
v/ Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brotfalli laga um náttúruvernd nr. 60/2013 (þingskjal 199 – 167. mál)

Náttúruverndarsamtök Suðurlands mæla gegn brotfalli laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan nógildandi náttúruverndarlög nr. 44/1999 voru sett. Ný náttúruverndarlög eru heildstæðari, umfangsmeiri og skýrari en fyrri náttúruverndarlög nr. 44/1999. Að auki taka ný náttúruverndarlög mið af ýmsum alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur skuldbundið sig til þátttöku í og taka mið af verndun náttúrusvæða, tegunda og líffræðilegum fjölbreytileika.

Ný lög um náttúruvernd (nr. 60/2013) byggja á fræðilegum og samfélagslegum grunni og leitast var við að ná sem víðtækustu samráði í opnu og gagnsæu ferli þar sem tekið var tillit til fjölmargra ólíkra sjónarmiða.

Í lögnum eru meginreglur umhverfisréttar á Íslandi lagðar til grundvallar, t.d. vísindalegur grundvöllur ákvörðunartöku, varúðarreglan og mengunarbótareglan.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands skorar á umhverfis- og auðlindaráðherra að gæta að hagsmunum náttúrunnar, draga umrætt frumvarp til baka og tryggja gildistöku laga um náttúruvernd nr. 60/2013, að öðrum kosti er Alþingi hvatt til þess að fella frumvarpið.

Virðingarfyllst,
Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands

Anna Sigríður Valdimarsdóttir
Bergur Sigurðsson
Elín Guðmundsdóttir
Gunnar Gunnarsson
Ólafía Jakobsdóttir